

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 2. október 2024.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.40.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Hildur Vilhelmsdóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Ragnar Hilmarsson, Aðalbjörg Óladóttir, Már Sveinbjörnsson og Magnús Gunnarsson. Forföll: Arnfríður Kristín Arnardóttir og Viðar Halldórsson.

Dagskrá:

- Fundur með starfsmönnum svæðisstöð höfuðborgarsvæðisins**
Fundi frestað vegna veikinda annars starfsmannsins.
- Breytingartillaga á reglugerð um skiptingu lottótekna ÍBH**
Samþykktar breytingar urðu eftirfarandi, skiptingin 15% félag og 15% deildir varð 0% félag og 30% deildir, auk orðalagsbreytinga. Útbreiðslustyrkurinn sem kom frá ÍSÍ er núna inn í heildargreiðslunum en var fyrir lottótekju reglugerðar breytingar ÍSÍ / UMFÍ greitt sér til ÍBH og fór í rekstur ÍBH, hlutur ÍBH í mánaðarlegum lottótekjum var 10% og var með útbreiðslustyrk rúmlega 20% í heildina, þessu var breytt með því að ÍBH fær frá og með næstu lottógreiðslu 17% af mánaðarlegum lottótekjum til reksturs ÍBH og í verkefni ÍBH.
- Reglur um starfsskýrsluskil aðildarfélaga ÍBH**
Reglurnar voru uppfærðar í samræmi við orðalagsbreytingar ÍSÍ í nýju starfsskýrsluskilakerfi. Einnig voru reglurnar uppfærðar í samræmi við vinnulag skrifstofu ÍBH.
- Starfsreglur um mat á þjálfaramenntun**
Reglurnar voru uppfærðar í samræmi við samning milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar, þar var bætt við stuðning vegna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ / Fyrirmyndardeild ÍSÍ. Við mat á ÍSÍ þjálfari 1 – 3, var bætt við þjálfari 1 - 3 hjá sérsamböndum. Við KSÍ þjálfaramenntun var bætt við að UEFA Pro fengi 4 stig í matinu.
- Óskað eftir tilnefningum hvatningarverðlauna UMFÍ**
Bréf frá UMFÍ dagsett 20. september 2024 lagt fram til kynningar og umræða. Skilafrestur á tilnefningum var 1. október sl. og veiting viðurkenninga verður 12. október nk. Fundarmenn voru beðnir um að senda skrifstofu ÍBH tilnefningar sem fyrst ef þeir hefðu einhverjar.
- Frítt í sund fyrir meistaraflokksleikmenn**
Erindi frá körfuknattleiksdeild Hauka dagsett 16. september sl. lagt fram til umræða. Í covid fengu leikmenn meistaraflokka í aðildarfélögum ÍBH frítt í sund. Körfuknattleiksdeild Hauka óskar eftir því að framhald verði á því, það myndi hjálpa

til við að bæta umgjörðina fyrir leikmennina. Stjórn ÍBH tekur heilshugar undir þetta og hvetur Hafnarfjarðarbæ til að gefa leikmönnum meistaraflokka aðildarféлага ÍBH frítt í sund. Lagt er til að deildarformenn aðildarféлага ÍBH sendi forstöðumanni sundlauga Hafnarfjarðarbæjar nafnalista með kennitölum um leikmenn sinna meistaraflokka sem eiga að fá þennan stuðning.

7. Aðstaða til körfuknattleiksæfinga

Erindi frá körfuknattleiksdeild Hauka dagsett 16. september sl. lagt fram til umræðna. Nýr körfuknattleikssalur „Ólafssalur“ er sprunginn vegna mikillar aðsóknar í körfuknattleik í félaginu og ört stækkandi hverfis. Stjórn ÍBH samþykkti að vísa þessu erindi til allsherjarnefndar ÍBH sem fjallar um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði fyrir aðildarfélög ÍBH. Ennfremur óskar ÍBH og stærstu aðildarfélögin sem nota frístundabílinn eftir því að taka upp viðræður við Hafnarfjarðarbæ um frístundabílinn á þeim forsendum, hvernig getum við gert betur.

8. Formannafundur ÍSÍ 2024

Fer fram föstudaginn 22. nóvember nk. Fundurinn er fyrir formenn og framkvæmdastjóra íþróttasamtaka.

9. Heimasíða ÍBH

Rætt um heimasíðuna sem er orðin 10 ára gömul. Þörf er á að setja upp nýja síðu. Ein hugmynd um aðila komin. Stjórnarmenn ætla að skoða málið fram að næsta stjórnarfund, þar sem framhald verður á umræðum um heimasíðuna.

10. Önnur mál

a). HM minnti fundarmenn á fulltrúaráðsfund ÍBH sem verður haldinn 10. október nk. í samkomusal Ásvalla og fór yfir dagskránnu.

b). HM sagði frá boði á íshökkíleik nk. föstudag 4. október kl. 19.45 í Egilshöll Reykjavík milli Fjölnis og Skautafélags Hafnarfjarðar nýs aðildarfélags ÍBH.

c). ALS sagði frá ferð borðtennisdeildar Badmintonfélags Hafnarfjarðar til Kína í sumar og vilja fyrir auknu samstarfi / samskiptum við Kína í spaðaiþróttagreinum sem BH leggur stund á.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.